



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu biðlista eftir leikskólapláss

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. mars 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:


Óskað er eftir að staða upplýsinga um stöðu biðlista eftir leikskólapláss verði lögð fram á næsta reglulega fundi skóla- og frístundaráðs.

Svar:

Stóra úthlutun leikskólapláss fyrir haustið hófst 2. apríl sl. og fyrsti áfangi úthlutunar stendur yfir til 10. maí. Á [gagnahlaðborði](#) borgarinnar er að finna ýmsa tölfræði um leikskóla meðal annars aldursdreifingu barna á biðlista í borgarreknum leikskólum. Sú tölfræði er uppfærð um það bil mánaðarlega. Þann 4. apríl voru 1327 börn 12 mánaða og eldri á biðlista. Um er að ræða fjölda barna sem eru ekki í öðrum leikskólum í borginni en einhver barnanna á biðlista geta verið með leikskólavist í öðrum sveitarfélögum eða löndum. Þess má geta að 267 börn sem eru í þjónustu sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík sem eru með umsókn um flutning í borgarrekna leikskóla eru ekki inn í þessum tölum.

Úthlutunin sem er í gangi núna gengur þannig fyrir sig að fyrst er börnum sem eru með forgang boðin vistun, því næst er farið eftir kennitöluröð en taka skal fram að talsverður fjöldi hefur sótt um flutning, bæði milli borgarrekkinnar leikskóla og frá sjálfstætt starfandi leikskólum. Þar sem þau eru oftast eldri en þau sem eru ný á biðlista raðast þau fyrst í plássin áður en þeim sem eru með nýjar umsóknir eru boðin plássin. Á meðan á þessu ferli stendur yfir er allur biðlistinn á hreyfingu og verða nýjar tölur um stöðu biðlista gefnar út í maí að loknum fyrsta áfanga.

Aldursdreifing barna á biðlista í borgarreknum leikskólum



Meðfylgjandi bréf fór til foreldra allra barna á biðlista þann 20. mars síðastliðinn.